



# Reglur um styrki til rannsókna á sviði húsnæðismála

## 1 Almennt

Reglur þessar eru settar af stjórn Íbúðaláanasjóðs og gilda um veitingu styrkja vegna rannsókna eða námsverkefna á sviði húsnæðismála. Reglurnar byggja á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.

## 2 Markmið og tilgangur

Markmið með styrkveitingu á grundvelli reglnanna er að stuðla að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og fjármunum verði sérstaklega varið til að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum, sbr. tilgang laga um húsnæðismál. Eru styrkirnir veittir í þeim tilgangi að fjölgva verkefnum og rannsóknum á sviði húsnæðismála sem eru til þess fallin að efla íslenskan húsnæðismarkað í samræmi við framangreint markmið.

## 3 Fjárhæðir styrkja

Miðað skal við að heildarfjárhæð styrkja á árinu 2017 verði allt að 15.000.000 kr. Fjárhæð hvers styrks tekur mið af umfangi verkefna eða rannsókna en miðað skal við að styrkir séu að jafnaði ekki hærri en 1 millj. kr. fyrir hvert verkefni. Þó er heimilt að veita hærri fjárhæð til verkefnis ef eðli þess eða umfang gefa tilefni til.

## 4 Skilyrði úthlutunar

Þegar styrkir eru auglýstir til umsóknar eru samhliða kynnt áherslusvið rannsóknarverkefna hverju sinni samkvæmt ákvörðun Íbúðaláanasjóðs og Félags- og jafnréttismálaráðherra, enda styðji það við stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum.

**Styrkirnir standa til boða öllum sem stunda rannsóknir á meistarastigi eða hærra menntunarstigi, án tillits til fræðasviða.**

### 4.1 Styrkhæf verkefni

Til að vera styrkhæf verða verkefnin að vera til þess fallin að stuðla að eflingu og/eða umbótum á íslenskum húsnæðismarkaði, hvort sem er á framboðs- eða eftirspurnarhlið hans, eða uppfylla með öðrum hætti þau markmið sem tilgreind eru í 2. gr. Viðfangsefni geta til dæmis tengst greiningu á framboðs- og eftirspurnaraðstæðum, félagslegum þáttum húsnæðismarkaðar, umbótum í hönnunar- og eða framkvæmdaferlum, lækkun byggingar- og/eða húsnæðiskostnaðar, eflingu framboðs á íbúðamarkaði eða umbótum í fjármögnumunarumhverfi.

Sækja má um styrk út á rannsókn eða námsverkefni sem:

- Lokið hefur verið við á yfirstandandi skólaári
- Er í vinnslu eða er ráðgert að vinna við og lokið verður við á yfirstandandi ári eða í síðasta lagi á því næsta.

Tímamörkin miðast við umsóknarfrest.

Lokaskýrsla eða ritgerð skal lögð fram ef sótt er um styrk út á rannsókn eða námsverkefni skv. a-lið. Rannsóknaráætlun (synopsis) skal fylgja umsókn ef sótt er um styrk skv. b-lið.

- Í rannsóknaráætlun skal gera glöggja grein fyrir því hvað á að rannsaka, hvernig rannsókninni verður háttar og hvar gagnanna verður aflað. Jafnframt skal sýnt fram á tengingu rannsóknarinnar/verkefnisins við eflingu og umbætur á íslenskum húsnæðismarkaði.  
Þessu til viðbótar skulu fylgja upplýsingar um hvaða rannsóknarsviði verkefnið tilheyrir, um hugsanlegan leiðbeinanda og fyrirhugaðan tímaramma.

#### 4.2 Mat á umsóknnum

Stjórн Íbúðalánaþjóðs skipar þriggja manna starfshóp til að leggja mat á umsóknir og gera tillögu um úthlutun styrkjanna. Í hópnum skulu sitja fulltrúi Íbúðalánaþjóðs, fulltrúi Velferðarráðuneytis og óháður fulltrúi menntastofnunar.

Auk meginviðmiðsins um gagnsemi fyrir íslenskan húsnæðismarkað skal starfshópurinn huga að eftirfarandi atriðum við matið:

- Er viðfangsefni rannsóknar í samræmi við áherslur sem kynntar eru í auglýsingu styrkja hverju sinni ?
- Hefur rannsóknin hagnýtt gildi ?
- Er rannsóknin líkleg til að skapa þarf innlegg í eflingu íslensks húsnæðismarkaðar ?
- Varpar rannsóknin nýju ljósi á viðfangsefnið og dregur fram nýja þekkingu og/eða nýtt samhengi ?
- Framsetning og málfar skulu hafa nokkurt vægi við matið.
- Heimildameðferð skal fylgja almennri venju í fræðiritum.

### 5 Útborgun styrkjanna

Styrkir verða greiddir út í tvennu lagi. Fyrri helmingur verður greiddur við samþykkt umsóknar og að frágengnu samkomulagi um styrkveitinguna. Síðari helmingurinn verður greiddur út þegar verkefnið (skýrslan/ritgerðin) hefur staðist mat viðkomandi menntastofnunar og/eða starfshópsins.

Íbúðalánaþjóður skal fá eintak af skýrslunni/ritgerðinni og er heimilt að vitna til efnis hennar og niðurstæðna í ræðu og riti.

### 6 Kynning á niðurstöðum

Niðurstöður rannsóknar eða verkefnis sem styrkur er veittur til samkvæmt reglum þessum skulu kynntar á Húsnæðisþingi samkvæmt nánara samkomulagi.

### 7 Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar takar gildi við samþykki stjórnar Íbúðalánaþjóðs. Reglurnar skulu endurskoðaðar á árs fresti hið minnsta.

Reglur þessar voru samþykktar á 489. fundi stjórnar, þann 27. september 2017.